

FARSÍMAR OG FYLGIRHLUTIR



Tveir símar til vara

Símar Ómars Ragnarssonar hafa lent í jafn mörgum ævintýrum og hann sjálfur. Hann gengur með þrjá síma til að vera alltaf í sambandi.

SÍÐA 2

Ljósmyndir með síma

Með A Modo Mio-kaffivélinni frá AEG er tryggt að hver einasti kaffibolli verður góður.

SÍÐA 4

Með þrjá síma í vösunum

Ómar Ragnarsson var einn fyrsti Íslendingurinn til að festa kaup á farsíma, á tíma þar sem símarnir voru á stærð við ferðatöskur. Í dag gengur Ómar með þrjá síma enda gott að eiga einn til vara þegar eitthvað kemur fyrir hina eins og svo oft vill verða með símana hans Ómars.

Ómar keypti sinn fyrsta síma í byrjun níunda áratugarins. „Fyrsti síminn minn var stór og mikill hlunkur og maður varð slæmur í bakinu af að bera hann. Þetta var með allra fyrstu farsímum og verðið var skelfilega hátt, en ég ákvað það frá fyrsta degi að þessi sími myndi aldrei verða aðskilinn frá mér,“ segir Ómar glettinn. Ástæða kaupanna var starf Ómars sem fréttamaður. „Þetta var gjörbylting fyrir fréttamann, að hægt væri að ná í mann hvar sem maður var staddur. NMT-stöðvarnar voru reyndar mjög fáar en þar sem ég er flugmaður gat ég verið í óvenju miklu sambandi.“

Breiðir út fréttaleiða

Tilkoma farsímans auðveldaði Ómari mjög starfið. „Hann gerði mér kleift að vera með lágmarks viðbragðstíma þegar eitthvað fréttæmt gerðist. Ég leit enda á mig sem nokkurs konar fréttaslökkvilið en öfugt við slökkvilið sem reynir að stöðva útbreiðslu eldsins reyni ég að breiða út frétteldinn sem hraðast og víðast,“ segir Ómar og hlær sínum kunnuglega hlátri. „Ég er enda alltaf á 24 klukkustunda vakt enn þann dag í dag, þótt ég sé ekki lengur í föstu starfi.“

Ævintýrasímar

Ómar hefur ekki tölu á öllum þeim símum sem hann hefur átt enda hafa þeir margir týnt tölunni við hinar ýmsu aðstæður. „Farsímarnir mínir hafa lent í jafn mörgum ævintýrum og ég sjálfur enda er ég alltaf með þá á mér,“ segir Ómar og nefnir nokkur dæmi.

„Einn farsíminn datt úr 412 metra hæð úr mastrinu á Gufuskálum. Það er hæsta fall sem farsími hefur lifað af. Við fundum hann eftir nokkra leit og það var hægt að kveikja á honum. Hins vegar eyddi hann tíu sinnum meira rafmagni en áður. Ég hef stundum gleymt símunum á þakinu á bílum. Einu sinni ók konan mín af stað með símann á þakinu en hann fannst nú við hring-

vegin. Einn síminn varð eftir á stéla á flugvél þegar ég flaug til Vestmannaeyja. Þegar ég kom til baka uppgötvaði ég að ansi margir Fokkerar höfðu lent á símanum og hann lá í méli á flugbrautinni. Eitt sinn datt ég ofan af kletti í Noregi og í Guðnafjörð, þá fór síminn fjandans til.“

Koma að gagni í ýmsum aðstæðum

Þeir sem þekkja Ómar vita að hann svarar í símann við alls kyns aðstæður. „Þegar ég tók við Edduviðurkenningunni núna síðast var sýnt skot þar sem ég stóð á hafísjaka í fréttum Stöðvar 2 og ætlaði að fara að taka svokallað standup. Þá hringdi síminn og við tók mikið fum og fát við að svara í símann á sleipum hafísjakanum,“ segir Ómar og hlær. Þá minnst hann á annað atvik sem Sigurður Grímsson tók upp af Ómari þar sem hann var nýkominn úr gosinu á Vatnajökli að klippa eldingu og tala yfir texta. „Á sama tíma er ég með farsímum við eyrað að tala við undirleikarann minn. Við vorum þá að halda símaefingu til að æfa lög fyrir landsfund sjálfstæðismanna sem ég mætti á eftir fréttir.“

Misskilningur á miðnætti

Ýmis skondin tilvik hafa tengst símanotkun Ómars. „Ég fór oft á fótboltaæfingar á fimmtudagskvöldum milli ellefu og tólf á kvöldin. Á þeim tíma var ég með spurningaþættina „Hvað heldurðu?“ og var búinn að segja við Baldur Hermannsson spurningameistara að hann gæti hringt í mig hvenær sem væri til að ræða skipulagninguna. Ég geymdi stóra símann við hliðarlínuna. Um korter í tólf hringdi síminn og þar sem ég var með boltann sá ég mér færi að grípa símann en halda áfram að spila boltanum fram völinn. Ég var í hasarleik og mjög móður,“ segir Ómar sem fannst fyndið að heyra í Baldri sem baðst margsinnis afsökunar fyrir að hringja á þessum tíma næturinnar. „Enda hélt hann að ég væri að gera eitthvað allt annað en að spila fótbolta,“



Á ferð og flugi. Ómar talar hér í einn af þremur símum sínum en með í för eru hinir símarnir tveir auk fartölvunnar.

MYND/GVA



„Einn síminn varð eftir á stéla á flugvél þegar ég flaug til Vestmannaeyja. Þegar ég kom til baka uppgötvaði ég að ansi margir Fokkerar höfðu lent á símanum.“

segir Ómar og skellir sér á lær. „Baldur sagði mér það seinna að hann hefði furðað sig á því að ég skyldi svara í símann sama á hverju gengi.“

Úr einum síma til að finna hinn

Ómar gengur með þrjá síma á sér. „Ég er með tvo síma sem kostuðu 4.900 krónur hvor og ég held mikið upp á svona galdrataeki sem kosta svipað og ein búðarferð í Bónus,“ segir Ómar sem notar annan símann til að finna hinn enda ekki óalgengt að hann leggi símana frá sér á óvenjulegum stöðum. Þriðji síminn er snjallsími. „Þetta er ódýrasti Samsung-síminn sem er með Skype en Skype er eitthvað sem mann dreymdi alltaf um,“ segir Ómar sem geymir snjallsímann á sérstökum stað í jakkanum. „Ef ég þarf að tala í Skype eða leita að einhverju á skjá færi ég kortið úr aumingjasímanum yfir í snjallsímann. Svona símar með skjá eyða nefnilega svo miklu meira rafmagni.“

Ómar segist annars mjög lélegur að nota símann sem tölvu. „Ég reyni alltaf að vera með spjaldtölvuna mína með mér en set þá kröfu að spjaldtölvur séu með lykklaborði eins og ritvél. Ég get með engu móti verið að pikka þetta með puttunum eins og margir gera,“ segir hann og brosir. „Draumurinn núna er að eignast minnstu slíku spjaldtölvuna sem er samt nógu stór til að vera með lykklaborði.“

Hringt í kistuna

Aðdáun Ómars á símunum nær út fyrir gróf og dauða enda ber hann með sér leyndan draum um að fá símtal í kistuna. „Það væri mjög skemmtilegt ef síminn myndi hringja inni í kistunni þegar verið væri að molda hana í kirkjunni,“ segir Ómar og skellir upp úr. „Það væri í mínum anda en ég er þó ekki viss um að þeim sem standa fyrir jarðarförinni muni finnast þetta sniðug hugmynd.“

40.000 fréttabyrstir notendur



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.



Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:



FRÉTTABLAÐIÐ

SAMSUNG

SAMSUNG
Galaxy S6 | S6 edge

NEXT IS NOW



KOMNIR Í NÆSTU VERSLUN

www.samsungmobile.is/s6

#NextIsNow



Útvarpsmöstur á Rjúpnahæð í Kópavogi.



Á Krýsuvíkurlleið.



Á Skólavörðuholti.

Áhuginn vaknaði með símanum

Þegar **Þórunn Jónsdóttir** fékk sér nýjan síma fyrir um ári kviknaði áhugi á að taka fallegar myndir. Hún tekur aðallega myndir af fólki úti á götu þessa stundina en áður tók hún myndir af náttúru og byggingum og notar hún símann til þess.

Fyrir ári vaknaði mikill áhugi hjá Þórunni Jónsdóttur á því að taka ljósmyndir. Fram að því segist hún ekki hafa verið sérstaklega dugleg við að taka myndir. „Ég byrjaði að taka myndir á símann í gegnum Instagram og notaði filterana þar. Svo benti vinkona mín sem er ljósmyndari mér á nýtt app sem heitir Snapseed sem ég nota til að vinna myndirnar. Eftir að ég uppgötvaði það er ég miklu duglegri við að taka myndir og tek myndir nánast daglega,“ útskýrir Þórunn.

Fyrst þegar ljósmyndaáhug-

inn vaknaði tók Þórunn aðallega myndir af náttúrunni og byggingum en áherslan hjá henni hefur breyst. „Núna finnst mér skemmtilegt að taka myndir af ókunnugu fólki úti á götu. Mér finnst það svolítið krefjandi og ég þurfti að stíga út fyrir þægindarammann til að þora það en ég hef mjög gaman af því.“ Þórunn segist ekki hafa átt myndavél frá því árið 2004 og að síðan hún fékk sér síma með góðri myndavél hafi henni ekki fundist þörf á að eiga sérstaka

myndavél. „Ég átti Samsung Galaxy S3 áður og þegar ég fékk mér síma í fyrra ákvað ég að halda mig við Samsung af því mér fannst myndavélin í honum betri en í öðrum sísum þannig að það endaði með því að ég fékk mér Galaxy S5. Ég ætla samt að fá mér góða, alvöru myndavél fljótlega þar sem ég hef verið að taka svo mikið af myndum að mig langar að hafa fleiri möguleika. Mér finnst samt magnað hvað hægt er að gera með myndavélinni í símanum og það er gott að hafa hann alltaf í



Þórunn byrjaði að taka myndir í fyrra þegar hún fékk sér nýjan farsíma. Hún tók allar þessar myndir með símanum.

vasanum og þurfa ekki að hafa myndavél líka,“ segir hún. Þórunn segist ekki vera nógu dugleg að vista myndirnar sem hún tekur en hún setur þær inn á Google Drive þegar hún man eftir því. „Ég læt líka prenta mikið út fyrir mig hjá Prentagram. Það er þægilegt að senda myndir beint þangað af Instagram og líka úr símanum. Ég skreyti heimilið mikið með myndunum sem ég tek og var komin með heilan vegg heima af myndum sem ég lét prenta fyrir mig.“

NÝ STÖÐ TIL AÐ VERA Í STUÐI MEÐ!

FMX KLASSÍK FM 103,9

VIÐ SPILUM ÞAÐ SEM OKKUR SÝNIST TÓNLIST FRÁ 1990 TIL DAGSINS Í DAG

ÞÓRUNN JÓNSDÓTTIR

Hafðu Sony í hendi þér

Sony Mobile farsímar sækja stöðugt í sig veðrið enda afrakstur margra ára metnaðarfullrar þróunarvinnu þessa leiðandi fyrirtækis.

Sony hefur fyrir löngu skapað sér nafn sem leiðandi fyrir-tæki í tækniheiminum og eru dæmin mýmörg. Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri Actus sem er umboðsaðili Sony Mobile á Íslandi, segir hér frá Sony í fortíð, nútíð og framtíð. „Sony ber ábyrgð á því að þróa og kynna tækninýj-ungar sem hreinlega breyttu heim-inum fyrir fólk á ferðinni. Þar má til dæmis nefna Walkman-spilar-ana eða vasadiskóin eins og við Ís-lendingar þekkjum þau, sjónvörp-in frá Sony hafa skarað fram úr og hljóðkerfin sömuleiðis. Tölvu-leikjaheimurinn hefur einnig held-ur betur verið í höndum Sony með Playstation-tölvunum.“

Hann segir Sony hafa komið meira og meira inn á snjalltækja-markaðinn frá því fyrirtækið sam-einaðist sænska farsímaframleið-andanum Ericsson. Seinna yfirtók Sony alla framleiðslu og framleið-ir nú öll sín snjalltæki undir nafni Sony Mobile. „Með áratugareynslu og framúrskarandi þekkingu hefur Sony tileinkað sér Android-stýri-kerfið og tekið snjalltækjamar-kaðinn með trompi með frábærum snjalltækjum sem uppfylla þarf-ir kröfuhörðustu notenda og gefa samkeppnisaðilum ekki tommu eftir.“

Vatnsheld Android-snjalltæki

Snjalltækjafjölskyldan XPERIA er vörulína frá Sony sem hefur að bjóða röð snjallsíma og spjaldtölva sem keyra á Android-stýrikerfinu. „Þessi tæki henta öllum, allt frá þeim sem eru að byrja sína snjalltækjanotkun upp í þá sem hafa reynsluna og vita hvað þeir vilja,“ segir Guðni og bætir við að helstu eiginleikar snjalltækja frá Sony byggja á þekkingu í fram-leiðslu á myndavélum, rafhlöðu-endingu, fágæðri hönnun og að-gengi að yfirgnæfandi miklu magni afþreyingar. „Svo ekki sé nefnd vatns- og rykheldni sem gerir tækin algjörlega einstök,“ bætir hann við. „Að vera með vel hannaðan og stíl-hreinan snjallsíma sem þú skolar í vaskinum eða smellir af í sundi er eitthvað sem raftækjanotendur hafa ekki getað tileinkað sér áður. Það eru flestir meðvitaðir um hættuna við að fá vökva á símann sinn, bleyta hann í rigningunni, hella óvart yfir hann, missa hann ofan í vaskinn eða bjarga honum eftir að duglega hefur verið slefað á hann úr höndum litlu snillinganna sem eiga það til að leita í snjallsíma foreldra sinna. Þetta vandamál er úr sögunni.“

Bjartar myndir á bólakafi

Vatnsheldnin er þó ekki bara tækifæri til að forða tækinu frá skemmdum heldur er nú komið tækifæri til að bæta nýrri tegund mynda í al-búmið. „Nú er hægt að taka mynd-ir í aðstæðum sem ekki hefur verið mögulegt áður, jafnvel ofan í vatni,“ segir Guðni en hægt er að fara með Sony Xperia Z3+ símann, sem er nýjasta eintakið í Xperia-línunni, rúmlega metra ofan í vatn. Mynda-vélin er með rúmlega 20 megapixla og tekur einstaklega bjartar og skýr-ar myndir þó birtuskilyrði séu ekki með besta móti. „Hægt er að taka góðar myndir á hjólinu, á skíðum eða bretti, í vatnsrennibrautinni, í átökum við laxinn á árbakkanum, í snjókomunni um jólin eða íslensku



Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri Actus sem er umboðsaðili Sony Mobile á Íslandi.

MYND/ANDRI MARINO



Nú er ekkert mál að spila Playstation-leiki í símanum.

rigningunni. Allt án þess að þurfa að pakka honum inn í einhverja vatnsvörn.“

Hleðslutækið fær frí

Stutt ending á rafhlöðu er eitthvað sem snjalltækjanotendur þekkjja. Sérstaklega í tækjum með stóra og bjarta skjái sem sjúga upp orkuna. Sony hefur tekist að lengja líftíma rafhlöðunnar upp í allt að 2 daga í senn með samvinnu góðs örgjörva og breytingu á því hvernig efnið er sett á skjáinn. En hafa ber þó í huga að ending fer vissulega eftir notkun og aðstæðum hvers og eins. „En á endanum þarf alltaf að hlaða,“ segir Guðni en bætir við að með „quick charge“ eiginleikum rafhlöðunnar í Xperia Z3+ sé hægt að ná hleðslu sem dugar í tæpar sex klukkustund-

ir með því að hafa símann í hleðslu í aðeins 10 mínútur.

Kvikmyndir, tónlist og tölvuleikir

Guðni segir aðgengi Sony-notenda að afþreyingu vera ótrúlegt. „Hvort sem það eru kvikmyndir, tónlist eða tölvuleikir, þegar afþreyingin er komin í snjalltækið fylgir allt efnið með hvort sem farið er upp í sum-arbústað, í útilegu eða á hótél er-lendis. Hægt er að tengja snjalltæk-ið þráðlaust við flatskjáinn og spegla aðgerðir símans í fullum gæðum á bæði hljóð og mynd, streyma efni af minni snjalltækisins eða beint af netinu í næsta flatskjá eða hljóð-kerfi. Einfaldara getur þetta ekki orðið.“ Hann segir það sama vera í boði fyrir spilun á Playstation en með litlum aukahlut er hægt að festa



Fingraför á súkkulaðikámugum skjáum heyrja nú sögunni til.



Með Sony Mobile-vörunum má fá fjölda fallegra fylgihluta.



Þessum má gleyma úti í rigningu.

stýripinnann af tölvunni við snjall-tækið og spila yfir netið tölvuleikina sem eru á tölvunni heima.

Þunnur og þægilegur

„Flestir hafa skoðun á því hvern-ig tækin þeirra líta út,“ segir Guðni og bætir við: „Þetta fer auðvitað ekki fram hjá hönnuðum Sony enda er öll hönnun stílhrein og falleg. Stærð og þyngd snjallsímanna fer eftir týpum en allar eiga þær það sameiginlegt hjá Sony að vera sterklega byggð-ar með gott grip og gefa veglega en þægilega tilfinningu í hendi. Tækin eru sérstaklega meðfærileg, hvort sem er í vasa eða á borði.“

Úrval aukahluta sem styðja við Sony-snjalltækin er gríðarlegt, að sögn Guðna, og hann nefnir sem dæmi Android Wear-snjallúr, Blueto-

oth-hátalara og heyrnartól við öll til-efni, hljóðnema sem breyta snjall-tækjunum í upptökutæki, festingu fyrir Playstation-stýripinna sem gefa fullkomna upplifun við spilum tölvuleikja og svo mætti lengi telja.

Snjalltæki frá Sony hafa ekki verið fyrirferðarmikil á markaðnum und-anfarin ár þrátt fyrir að fyrirtæk-ið hafi verið með þeim fyrstu til að setja Android-snjallsíma á markað. Guðni segir fyrirtækið samt hafa farið í gegnum gríðarlega þróun og vinnu sem sé að skila sér í frábæru úrvali fyrir alla sem tileinka sér tæknina. „Það eru spennandi tímar fram undan hjá Sony Mobile og það verður gaman að fylgjast með sterkri innkomu á markaðinn. Enda verð-ugur keppinautur sem verðskuldar alla athygli.“

Alltaf með símann við höndina

Snjallsíminn hefur breytt lífi margra. Hann er bæði hægt að nýta til fjölmargra gagnlegra hluta, sem sparar tíma og fyrirhöfn, auk þess sem hann er nýttur til skemmtunar og í samskiptum við annað fólk. Enn frekari þróunar má vænta á næstu árum.

Snjallsíminn hefur gjörbreytt mörgum þáttum daglegs lífs okkar á undanförunum árum, ekki síst með tilkomu fjölbreyttra smáforrita (app). Í dag geta símnötendur valið úr fjölda smáforrita fyrir allt milli himins og jarðar, til skemmtunar en ekki síður til fjölmargra gagnlegra hluta. Ein þeirra sem nýta símann vel til daglegra verkefna og skemmtunar er Þórunn K. Jónsdóttir, markaðs-nörd hjá Markaðsmálum á mannamáli, sem segir símnötendur einungis hafa séð upphafið og margt spennandi eigi eftir að koma í ljós á næstu árum. „Flestir sem taka líkamsræktina alvarlega eru farnir að nota smáforrit, til dæmis til að mæla hversu langt þeir hlaupa, skrá hreyfingu og matardagbækur og fá upplýsingar um hitaæiningar o.fl. Margir sem ég þekki eru líka löngu hættir að prenta út uppskriftir heldur eru þær geymdar á ýmsu formi og hægt er að sækja gegnum símann, t.d. á Pinterest. Ég er með fullt af uppskriftum þar og finnst þær í símanum þegar ég ætla að nota þær. Til hvers að prenta þær út, ég er alltaf með símann við höndina?“

Fínar ljósmyndir

Hún nefnir einnig til sögunnar ljósmyndun sem netið hefur heldur betur haft áhrif á; mörgum til mikillar gleði en fagljósmyndunum kannski síður. „Nú eru símarnir með mjög góðar myndavélar en auk þeirra er auðvelt að finna forrit sem gera þér kleift að láta myndirnar líta enn betur út með alls konar filterum og fínerí. Ljósmyndun með iPhone er hreinlega að verða listgrein í sjálfu sér. Fyrir okkur almennum borgarana er þetta skemmtileg þróun en þetta hefur klárlega

áhrif á atvinnutækifæri þeirra sem hafa lifibrauð af ljósmyndun.“

Instagram í símanum

Hún segir ekki hægt að tala um snjallsíma öðruvísi en að tala líka um samfélagsmiðlana sem eru mikið notaðir þar. „Instagram er fyrst og fremst símamiðill og hefur blásið út síðustu tvö ár. Twitter er líka mikið til símamiðill og mjög mikið notaður í tengslum við sjónvarpsþætti, viðburði og annað þess

háttar. Fólk er farið að horfa á þætti eða viðburði og „tvíta“ um þá í rauntíma. Það er svolítið eins og að horfa á sjónvarp með öllum heiminum. Það er ansi magnað og ég verð að viðurkenna að mér finnst t.d. mun skemmtilegra að horfa á Eurovision og fylgjast með „hashtagginu“ fyrir það í leiðinni heldur en að horfa á keppnina eina og sér.“

Þróunin verður áfram

Þrátt fyrir örar breytingar síðustu

árin eiga snjallsímar eftir að þróast enn meira. „Ég er spennast að fylgjast með hvernig þessi mál þróast í tengslum við gervigreind. Ég held að smátt og smátt þurfum við að gera minna og minna og forritin og tækin geti meira og meira lesið okkur og hvað við viljum. Þetta minnkar pikkeríð og þessu verður meira stýrt með röddinni eða kannski bara hugsunum einhvern tímann.“

„Þetta er orðið tæki sem fólk er

alltaf með við höndina og nánast samgróið mörgum. Möguleikarnir eru óendanlegir. Svo er líka spurning hvort þetta fer ekki að hætta að vera ferkantaður sími eins og við þekkjum hann. Það er ekkert sem segir að svo þurfi að vera til eilífdar. Þótt það séu skiptar skoðanir núna með hluti eins og Google Glass og Apple Watch þá er þessi þróun ekkert að fara að stoppa og þeir detta pottþétt niður á eitthvað sem fólk fílar áður en of langt um líður.“

Þórunn K. Jónsdóttir segir símnötendur einungis hafa séð upphafið og að margt spennandi eigi eftir að koma í ljós á næstu árum.
MYND/VILHELM



Sérverslun með Apple vörur

Við gerum vel í að þjónusta viðskiptavinum okkar með skjóttum og sveigjanlegum vinnubrögðum. Þegar þú kemur með tölvu, síma eða iPad í ábyrgðarþjónustu þá lánnum við þér sambærilegt tæki á meðan þjónustu stendur, endurgjaldslaust.

Catalyst Stealth

Nýju Catalyst iPhone hulstrin eru vatns-, högg- og veðurhelt. Fullkomin vörn fyrir alla þína afþreyingu og uppátæki. Örpunn hönnunin fórnar hvorki útliti né stíl símans. Fyrir iPhone 5, 5s, 6 og 6 plus

11.900 kr.





iStore í Kringlunni sérhæfir sig í sölu á Apple vörum og býður auk þess mikið úrval fjölbreyttra aukahluta fyrir Apple vörur.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Taktu myndir á iPhone í sundi

iStore er sérsverslun með Apple-vörur í Kringlunni og býður einnig mikið úrval fjölbreyttra aukahluta fyrir Apple-vörur.

Það er ekki bara að þetta hulstur þoli rigningu heldur er það algerlega vatns-helt. Ég fer með símann í sund og tek myndir af stráknum mínum kafa,“ segir Sigurður Helgason, eigandi verslunarinnar iStore í Kringlunni, um nýju vatns- og högggheldu Catalýst-hulstrin fyrir iPhone. „Þessi hulstur henta mjög vel fyrir sund, veiði, útilegu, skíði og allt annað þar sem við erum hrædd um að síminn gæti skemmst. Þetta er fullkom-in vörn og þurfum við að hafa mjög einbeittan brotavilja til að laska símana okkar þegar þeir eru í þessum hulstrum,“ segir Sigurður. „Á sama tíma er hönnu-nin þannig að síminn er ennþá jafn flottur og öll virkni hans er óbreytt. Þetta er greinnsta vatns-helda hulstrið á markaðnum.“

Hulstrin eru ekki síður hent-ug fyrir ýmsa iðnaðarmenn að sögn Sigurðar því þau hindra að ryk og önnur óhreinindi komist að símanum. „Með þessu hulstri þolir síminn tveggja metra fall og hægt er að fara niður á fimm metra dýpi. Þrátt fyrir það eru þau afar nett og þægileg og hafa engin áhrif á notagildi símans. Við höfum áður selt vatnsheld hulstur en þessi skara algjörlega fram úr.“

Sérverslun með Apple vörur

iStore í Kringlunni sérhæfir sig í sölu á Apple-vörum og býður auk þess mikið úrval fjölbreyttra aukahluta fyrir Apple-vörur. „Við erum að selja sömu vörur og hinir eru að gera, þar með talið iPhone-símana, iMac-borðtölv-ur og Macbook-fartölvur og oftar en ekki á lægra verði. Við leggj-

um extra mikið upp úr að þjón-usta viðskiptavinum með skjóttum og sveigjanlegum vinnubrögð-um. Þegar þú kemur með tölvu, síma eða iPad í ábyrgðarviðgerð þá lánum við þér sambærilegt tæki meðan á viðgerð stendur. Við leggjum okkur fram um að veita framúrskarandi ráðgjöf til að hámarka ánægju viðskipta-vina og lítum á okkur fyrst og fremst sem þjónustufyrirtæki,“ segir Sigurður.

Gera lífið betra

iStore selur einnig frábæra púls-mæla frá Wahoo sem gefa mjög nákvæman lestur á púlsinum auk þess sem hann virkar m.a. með Apple Watch. „Ein mesta snilldin við púlsmælinn er að hann virkar með öllum þess-um helstu íþróttatöppum, t.d. RunKeeper og öðrum vinsælum öppum. Ein týpan sem við seljum, TICK X, geymir til dæmis púlsinn og aðrar upplýsingar ef síminn er ekki nálægt. Það hent-ur mjög vel fyrir þá sem stunda líkamsrækt eins og Boot Camp þar sem síminn er ekki nálægt. Þá tekur tækið upp allar upplýs-ingar og svo þegar síminn er við höndina sendir það upplýsing-arnar um æfingarnar inn í sím-ann. Mælirinn greinir líka hreyf-ingar og hentar því vel þeim sem stunda hreyfingu á borð við hlaup, crossfit og fleiri greinar.“

Þá hefur Philips Hue þráð-lausa ljósakerfið slegið í gegn að sögn Sigurðar en með því er hægt að búa til og stýra lýsingu á ljósaperunum með iOS-tækjum heimilisins. „Þetta ljósakerfi er algjör snilld en því má til dæmis stýra úr símanum og reyndar

líka með Apple Watch. Hægt er að hanna lýsingu þannig að ljósin veki þig á morgnana, hægt er að setja ljósarendur undir hús-gögn og upp á vegg og víða auk þess sem hægt er að stýra ljós-unum að heiman. Byrjenda-pakkinn inniheldur þrjár perur og það er ekkert mál að bæta við fleiri perum síðar. Verslun okkar í Kringlunni er með svona perum og þar geta viðskiptavinir prófað sig áfram.“

Láta gott af sér leiða

Frá stofnun hefur iStore kapp-kostað að láta gott af sér leiða. iBörn, samfélagssjóður iStore, hefur rétt hjálparhönd til fjöl-margra fjölskyldna langveikra og hreyfihamlaðra barna með iPad gjöfum. „Þetta byrjaði á því að faðir stúlku sem var rúmlega tveggja ára og algjörlega lömuð sendi mér fyrirspurn hvort ég héldi að iPad gæti hjálpað dótt-ur hans.“ Á þessum tíma var lítil þekking á iPad sem hjálpartæki enda var varan nýlega komin á markað en Sigurður fékk svo sterkan áhuga á að skoða þetta og leitaði uppi ótal forrit sem gætu örvað hreyfingu hjá börn-um. „Ég fór svo með iPad til dóttur mannsins og fann að það gerðist kraftaverk. Í fyrsta skipti á sinni stuttu ævi fór hún að sýna markvissar hreyfingar, tárin í augum foreldranna spruttu fram og þetta varð svona augnablik þar sem ég fann að ég var kom-inn á einhverja braut sem ég vildi halda áfram á,“ segir Sigurður. Síðan þá hefur samfélagssjóð-ur iStore gefið tæplega 40 iPad og leitast við að bæta einni fjöl-skyldu við í hverjum mánuði.



Vatnsheldu hulstrin henta t.d. vel fyrir sund, útilegu, veiði og skíði að sögn Sigurðar Helgasonar, eiganda verslunarinnar iStore í Kringlunni.

MYND/ERNIR



Mynd tekin með iPhone síma í kafi af syni Sigurðar Helgasonar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Tónlist fyrir öll tilefni dagsins

Íslendingar hafa nú aðgang að stóru og miklu lagasafni Spotify. Nú fá GSM-viðskiptavinir Símans streymi á Spotify Premium á 0 krónur ef Spotify áskriftin er keypt hjá Símanum. Auk úrvals tónlistar eru ótal möguleikar í boði sem bæði eru aðgengilegir í tölvu, á vef og snjalltækjum.

Nokkuð er nú liðið frá því að sænska tónlistarveitan Spotify opnaði Íslendingum aðgang að sínu stóra og mikla lagasafni. Þar má finna alla heimsins tónlist, bæði erlenda og innlenda, allt frá SSSól til De La Sol. Síminn, samstarfsaðili Spotify á Íslandi, hefur nú búið svo um hnútana að streymi á Spotify Premium hjá GSM-viðskiptavinum er á 0 krónur ef Spotify áskriftin er keypt hjá Símanum.

En það er ekki bara aðgangur að allri þessari tónlist sem gerir Spotify að frábærri þjónustu heldur eru það allir möguleikarnir sem bæði eru aðgengilegir í tölvu, á vef og í snjalltækjum.

Fjölbreyttir listar

Auðvelt er að búa til sína eigin lagalista, lista sem henta ákveðnum tilefnum, eða bara sína eigin klæðskerasniðnu lista sem endurspeglar þá tónlist sem maður tengir við hina og þessa atburði í lífi sínu. En ekki er nóg með það, heldur er hægt að deila lagalistum með vinum og búa til sameiginlega lista. Með sameiginlegum lagalistum getur vinahópurinn lagt í púkkið þannig að listinn byggir á öllu því besta frá hverjum og einum sem gott er að spila í næstu veislu eða sumarbústaðarferð.

Frá Spotify kemur einnig mikill

fjöldi af lagalistum. Þannig er hægt að nálgast lista sem henta ákveðnum tilefnum, stemningu eða tíma-bilum. Einnig er hægt að fylgjast með því sem er að slá í gegn í mismunandi löndum og margt fleira sem of langt er að telja upp.

Skömmu eftir útgáfu nýrrar plötu er hún aðgengileg á Spotify. Í stað þess að standa vaktina og athuga hvort ný plata eða lag sé komið frá uppáhalds-tónlistarmanninum þínum getur þú elt hann (follow) á Spotify. Þú færð þá tilkynningu, annaðhvort í gegnum Spotify eða tölvupóst, þannig að það fer ekki framhjá þér þegar nýtt efni kemur út sem þú hefur kannski beðið með eftirvæntingu.

Þegar farið er í ferðalag þar sem nettenging getur verið léleg eða þá til útlanda þar sem net í snjallsímann getur kostað sitt stendur til boða að vista lagalistana á tölvuna eða snjalltækið. Þannig er hægt að nálgast eigin lista eða heilu plöturnar á sínu tæki án þess að netsamband þurfi að vera fyrir hendi.

Beint í æð

Fyrir hlaupaunnendur kynnti Spotify fyrir skömmu nýja virkni, Spotify Running, þar sem Spotify appið spilar tónlist á meðan þú hleypur. Ekki bara þá tónlist sem Spotify telur að henti þínum smekk heldur skynjar Spotify hlaupahraða þinn og velur tónlist í takt við hlaupið.



Hlauparar geta nýtt Spotify Running þar sem appið skynjar meðal annars hlaupahraðann og velur tónlist í takt við hlaupið.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Spotify auðveldar þér einnig mjög að uppgötva nýja tónlist, bæði nýjasta nýtt og klassík fyrri ára. Smám saman lærir Spotify á tónlistarsmekk þinn og byrjar svo að benda þér á hitt og þetta sem gæti fallið í kramið. Bæði koma þá

upp tónlistarmenn og hljómsveitir sem hafa gleymst í árána rás eða gamlar hetjur sem einfaldlega hafa orðið undir í þeirri ofgnótt tónlistar sem í boði er. Það er alltaf gaman að hitta aftur gamla vini og uppgötva nýja tónlist hvaðan sem hún kemur.

Með áskrift að Endalausum snjallpakka hjá Símanum fylgir Spotify Premium í sex mánuði. Þannig geta GSM-áskrifendur streymt tónlistinni á farsímaneti Símans án þess að greiða aukalega fyrir það.

SUMARIÐ HEFUR ALDREI HLJÓMAÐ EINS VEL!

NÚ STREYMR ÞÚ TÓNLISTINNI FYRIR 0 KR. MEÐ SPOTIFY PREMIUM Á FARSÍMANETI SÍMANS*

Spotify + Síminn



Samsung Galaxy S6

Einstök hönnun, einstakir eiginleikar. Samsung Galaxy S6 með þráðlausri hleðslu og 16 megapíxla myndavél.

5.390 kr.

á mánuði í 24 mánuði

Staðgreitt: 119.990 kr.



Bose SoundLink Colour

Hlustaðu á tónlistina í frábærum gæðum hvar og hvenær sem er. Fullkominn ferðafélagi ásamt Spotify Premium.

1.490 kr.

á mánuði í 18 mánuði

Staðgreitt: 24.990 kr.



Fitbit Charge HR

Fitbit armbandíð leyfir þér að fylgjast með hjartslættinum og brennslunni allan daginn og Spotify Running fylgir þér eftir og hjálpar þér að ná lengra.

15.990 kr.

á mánuði í 12 mánuði

Staðgreitt: 24.990 kr.



iGrill

Grillið hefur aldrei hljómað eins vel! iGrill kjöthitamælirinn tengist símanum þráðlaust og grillmaturinn verður fullkominn.

790 kr.

á mánuði í 12 mánuði

Staðgreitt: 8.990 kr.

*Gildir fyrir Spotify Premium áskrift hjá Símanum